

Stjórn Samtaka Heilsuleikskóla

Fundargerð: 11.01.2018

Mættir: Sigrún Hulda, Berglind, Erla Stefanía og Oddný.

1. Námsstefna- fyrirhugað er að halda námstefnu laugardaginn 6. október. Námstefnan verður haldin á Akureyri. Leikskólinn Krógaból hefur tekið að sér að sjá um ráðstefnu Samtaka Heilsuleikskóla á Akureyri laugardaginn 6. október 2018. Heilsuleikskólar eru beðnir að taka daginn frá og skoða möguleika að taka þátt. Laugardagur varð fyrir valinu til að hægt væri að færa t.d. skipulagsdag til að nýta í ráðstefnuna.
2. Rafræn heilsubók- Búið er að semja við Matrix software til að setja upp Heilsubók barnsins í rafrænt form. Vinnan er komin vel á veg. Áætlað er að halda fund með fulltrúum Matrix, nefndin um rafræna heilsubók og Stjórn Samtaka Heilsuleikskóla 13. febrúar.
3. Aðalfundur- Sigrún hefur samband við Ragnheiði á Hamravöllum en Hamravellir eru næstir á listanum til að halda utan um aðalfundinn. Ákveða þarf dagsetningu fyrir aðalfund.

Önnur mál-

1. Matseðlar- umræða um bætt aðgengi að næringarfræðingi. Sigrún og Berglind kanna stöðuna.
2. Nýr leikskóli á Heilsubraut- Grandaborg í Reykjavík er nýr leikskóli á Heilsubraut. Stjórnin býður þeim hjartanlega velkominn í hópinn.